

Nd.

448. Frumvarp til laga

[236. mál]

um 40 stunda vinnuviku.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Magnús Kjartansson.

1. gr.

Vinnutími í dagvinnu má eigi vera lengri en 40 stundir á viku, og skal að því stefnt, að vinnuvikan verði fimm dagar. Vinnutími í vaktavinnu má ekki vera lengri en 40 stundir á viku. Kjarasamningar, sem kveða á um lengri dagvinnu- eða vaktavinnutíma, skulu breytast í samræmi við fyrirmæli þessara laga. Aðilar vinnumarkaðarins í hinum ýmsu starfsgreinum skulu með samningum kveða á um skiptinguna milli dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu.

2. gr.

Nú styttist vinnutími launamanna samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og skal þá vikukaup hans og mánaðarkaup fyrir dagvinnu eða vaktavinnu haldast óbreytt í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga, en tímakaup hans hækka í sama hlutfalli og dagvinnuvikan styttist. Hliðstæð breyting á kaupi skal koma til fram-

kvæmda, þar sem tímakaup er lagt til grundvallar við ákvörðun launa í bónus- og ákvæðisvinnu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1971.

Greinargerð.

Barátta fyrir styttnum vinnutíma hefur verið snar þáttur í störfum verkalýðs-samtakanna frá upphafi. Krafan um átta tíma vinnudag var lengi alþjóðleg, en nú hefur því marki verið náð í flestum nútímaþjóðfélögum, að átta stundir séu hámark dagvinnu, þótt raunverulegur vinnutími hafi því miður ekki stytzt að sama skapi, til að mynda ekki á Íslandi, m. a. vegna þess, að kaupgjald fyrir dagvinnu hefur ekki hrokkið fyrir nauðþurftum. Engu að síður eru ákvæðin um hámark dagvinnutíma mjög veigamikill áfangi í réttindabaráttu launafólks. Hefur sá áfangi verið markaður með löggjöf víða um lönd. Hins vegar hefur engin almenn löggjöf verið á Íslandi um hámark vinnutíma, og hafa margir réttilega talið það veilu í félagsmálalöggjöf þjóðarinnar.

Á undanförnum áratugum hafa samtök launafólks í sæmilega þróuðum þjóðfélögum einbeitt sér að enn frekari styttingu vinnutímans, og hefur þá verið haft mið af fimm daga vinnuviku, þar sem hægt var að koma henni við. Er sú skipan nú orðin næsta almenn regla í ýmsum þjóðfélögum austan hafs og vestan. Einnig á Íslandi hafa samtök launafólks beitt sér fyrir styttingu vinnutímans umfram þær 48 stundir, sem löngum var miðað við, og náð þeim árangri, að almennur vinnutími í dagvinnu er nú 40—44 stundir. Eigi Íslendingar að fullkomna félagsmálalöggjöf sína með ákvæðum um hámarksvinnutíma, er því einsætt að miða ákvörðunina við 40 stundir á viku og stefna að fimm daga vinnuviku, þar sem því verður við komið.

Sérstök ástæða er til að lögfesta þetta ákvæði nú. Nýlega hafa stjórnarvöld ríkis og sveitarfélaga samið um það, að hámarksvinnutími allra opinberra starfsmanna skuli vera 40 stundir í dagvinnu, og er þar um að ræða mjög athyglisverða viðurkenningu á grundvallaratriði; einnig er það mjög almenn regla, að opinberir starfsmenn vinni aðeins fimm daga í viku. Engin rök mæla gegn því, að aðrir launamenn njóti sömu réttinda, og það því síður sem algengt er, að opinberir starfsmenn og verkamenn vinni hlið við hlið, stundum að sömu störfum. Vænta flutningsmenn þess, að þeir flokkar, sem að ríkisstjórninni standa, veiti þessu frumvarpi fullan stuðning eftir það ágæta fordæmi, sem þeir hafa gefið í samningunum við opinbera starfsmenn.

Að sjálfsögðu var kaup ekki lækkað við opinbera starfsmenn, þótt almennur vinnutími þeirra styttest. Á sama hátt leggja flutningsmenn til, að kaup annarra launamanna haldist óskert, þótt dagvinnutíminn styttest. Mun raunar vera auðvelt fyrir flesta atvinnurekendur að vinna upp vinnutímastyttinguna með betra skipulagi og aukinni hagkvæmni í stjórnun.

Ákvæðin um 40 stunda vinnuviku í dagvinnu munu að sjálfsögðu hafa í för með sér nýjar reglur um vinnutilhögun, þar á meðal skiptingu milli dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Flutningsmenn telja ekki rétt, að þær reglur séu ákveðnar með löggjöf, enda þurfa þær að vera breytilegar í samræmi við mismunandi viðfangsefni í þjóðfélaginu. Því er lagt til í frumvarpinu, að þau atriði skuli ákveðin með samningum milli launamanna og atvinnurekenda.